



**Íslandsmót Kæna 2017  
10. ágúst – 13. Ágúst  
Siglingaklúbburinn Þytur  
Hafnarfjörður**

## **TILKYNNING UM KEPPNI**

### **1 REGLUR**

Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum 2017-2020, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

### **2 AUGLÝSINGAR**

Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar.

Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa sýna á bátum eða búnaði.

### **3 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA**

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

1. Optimist A
2. Optimist B
3. Laser 4,7
4. Laser radial
5. Laser standard
6. Topper Topaz
7. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

### **4 Skráning**

Skráning skal berast til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 Fimmtudaginn 3. Ágúst með tölvupósti á [keppnisstjorn@sailing.is](mailto:keppnisstjorn@sailing.is) eftir skráningarfrest hækkar þáttökugjald.

**Ekki er tekið á móti skráningu eftir kl. 21 sunnudaginn 6. Ágúst.**

Taka þarf nafn keppanda, kennitölu, seglanúmer, bátstegund, flokk sem viðkomandi óskar eftir að keppa í, félag sem keppt er fyrir og símanúmer keppanda. Ef keppandi er undir 18 ára þarf nafn og símanúmer foreldris/forráðamanns að fylgja með.

### **5 ÞÁTTTÖKUGJALD**

Þáttökugjald á hvern keppanda er kr. 4000

Gjaldið hækkar í kr. 6000 ef skráning berst eftir kl. 21:00 þann 3. Ágúst.

Gjald greiðist inná reikning: **545-26-987** Kt: **680978-0189** eða við afhendingu kappsiglingafyrirmæla.

Senda skal staðfestingu á greiðslu á [keppnisstjorn@sailing.is](mailto:keppnisstjorn@sailing.is)

### **6 TÍMAÁÆTLUN**

#### **10. Ágúst:**

Aðstaðan opnar kl. 16.

Greiðsla og afhending kappsiglingafyrirmæla kl. 16:00 til 20:00

### **11. Ágúst:**

Skipstjórafundur kl. 15  
Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 16:30  
Ekki verður ræst eftir kl. 18:30  
Stefnt er að 1-3 umferðum

### **12. Ágúst:**

Skipstjórafundur kl. 9  
Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:30  
Ekki verður ræst eftir kl. 17  
Stefnt er að 4-7 umferðum  
Keppendur fá mat í poka út í bát. (innifalið)  
Grillveisla kl. 19 í aðstöðu Þyts  
verðlaunaafhending kl. 19 ef varadagur verður ekki notaður.

### **13. Ágúst:**

Sunnudagur til vara  
Ef nota þarf sunnudag þá er dagskrá eftirfarandi  
Skipstjórafundur kl. 10  
Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 11:30  
Ekki verður ræst eftir kl. 16  
Verðlaunaafhending um leið og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

## **7 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI**

Kappsiglingafyrirmælin verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað og heimasíðu klúbbsins

## **8 KEPPNISSVÆÐI**

Keppt verður í og fyrir utan hafnarfjarðarhöfn í hraunavík.  
Skipstjórafundur fer fram uppi í sal Þyts - Strandgötu 88.

## **9 KEPPNISBRAUTIR**

Keppnisbrautir geta verið eftirfarandi:  
Pylsa (Beiting-lens-beiting), Trapiza, Trapiza með pylsu um styttri legg, Trapiza með pylsu á lengri legg, Þríhyrningur og Þríhyrningur með pylsu.  
Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

## **10 STIGAGJÖF**

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingafyrirmælum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni slökustu keppni.

## **11 FJARSKIPTI**

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.  
Keppnisstjórn notar rás 71 til samskipta.

**12 VERÐLAUN**

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki ásamt því að sigurvegarinn hlýtur farandbikar og nafnbótina „Íslandsmeistari viðkomandi flokks 2017“

Samkvæmt kappsiglingafyrirmælum SÍL er ekki keppt til Íslandsmeistaratitils nema fimm bátar hefji keppni í viðkomandi flokki.

**13 VERÐLAUNAAFHENDING**

Verðlaunaafhending fer fram í félagsaðstöðu Þyts kl. 19 á laugardaginn.

Ef sunnudagur verður sigldur þá fer verðlaunaafhending fram strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

**14 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

**15 ÖRYGGIS- OG GÆSLUBÁTAR**

Óskað er eftir því að siglingaklúbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og gæslubátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum á tilteknu svæði og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema í neyðartilviki.

Tilkynnt verður á skipstjórafundum hvar öryggis- og gæslubátar eiga að vera meðan keppni stendur.

**16 FREKARI UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar fást hjá Keppnisstjóra, Sindra Þór, í síma 694-3083 eða með tölvupósti á [keppnisstjorn@sailing.is](mailto:keppnisstjorn@sailing.is)